

Ágæti nýnemi vorannar 2022 - Velkominn í MH.

Allir nýir nemendur MH eru boðaðir í skólann þriðjudaginn 5.janúar 2021, kl. 13:00 í stofu 11. Þar munið þið hitta nokkra starfsmenn skólans sem og Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur sem verður umsjónakennarinn ykkar. **Umsjónarkennarinn** mun útskýra það sem þarf til að fyrsti skóladagurinn fari sem best af stað.

Námstjórar velja áfanga á alla nýnema fyrir vorönnina miðað við stöðu í námi núna. Við minnum þá sem eru að koma úr MR á, að senda okkur einkunnir haustannar sem fyrst, þar sem þær eru ekki í Innu. Þær má senda á konrektor@mh.is.

Stundatöflur nemenda munu birtast í Innu um leið og þær eru tilbúnar (líklega á síðasta degi ársins), ef að skólagjöld hafa verið greidd. Ef þið þurfið einhverjar breytingar á stundatöflunum ykkar þá er tækifæri til þess eftir kynningarfundinn 5.janúar. Þá getið þið hitt námstjóra, farið yfir það sem þið fenguð metið og breytt einhverju og skoða það sem þarf að laga. Nýnemar vorannar geta ekki óskað eftir töflubreytingu í gegnum Innu (sem opnað verður fyrir strax eftir áramótin) en ykkur er velkomið að koma við í skólanum eftir að skrifstofan opnar eftir áramótin eða gera breytingar á fyrrnefndum kynningarfundum. Skoðið líka vel það sem þið fenguð metið og hvaða áfanga þið eruð að fara í núna. [Áfangaframboð skólans](#) er á heimasíðunni. Metnir áfanga ættu að birtast smá saman í Innu fram að áramótum. Ef þið þurfið að koma einhverju á framfæri til okkar fyrr, eða hafið spurningar, þá er ykkur velkomið að svara þessum pósti og við gerum okkar besta til að svara.

Greiðsluseðill ætti að vera kominn í heimabanka aðstandanda ykkar með sama lögheimili (eða mun birtast eftir helgina). Greiðsluseðill fyrir greiðslu skólagjalda vorannar hljóðar upp á 11000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 5000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Eindaginn er 30.12 2021 og eftir hann leggst á vanskilagjald kr. 1500. Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 4000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum nemendur til þess að taka virkan þátt í starfi þess, samhliða því að takast af krafti á við námið. Minnt er á ákvæði í Aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem segir að greiðsla innritunargjalds sé endanleg staðfesting á að nemandinn þiggi skólavist og hlíti reglum skólans.

Ef þú af einhverjum ástæðum þiggur ekki skólavist í MH ertu beðin/nn/ið um að senda póst á mh@mh.is eða láta vita á skrifstofu skólans sem allra fyrst.

Við bíðum spennt eftir að hitta þig og ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er.

Kveðja, Helga Jóhannsdóttir, konrektor .

IB students will get an e-mail from the IB-coordinator with information regarding the beginning of school.